

Alþingi

Erindi nr. B 118 / 136

komudagur 11 / 11 1994

10.11.1994

GG

ÁHRIF NÝRRRA LAGA UM BÓKHALD OG LAGA UM ÁRSREIKNINGA Á

- 1) lög um samvinnufélög,
- 2) frumvarp til laga um einkahlutafélög,
- 3) frumvarp til laga um breytingu á hlutafélög.

1. Lög um samvinnufélög.

Lagt er til í frumvarpi til laga um ársreikninga (ársreikn.frv.) að 55. -76. gr falli niður: þ.e. IX. kafli um ársreikning og ársskýrslu stjórnar og X. kafli um endurskoðun reikninga. Eftir stendur í X. kafla 77. gr. um rannsókn á tilgreinum atriðum varðandi starfsemi félagsins.

Í þessu sambandi þarf að athuga eftirfarandi greinar laganna.

1) Lagt er til að breyta 6. gr. þannig til samræmis við ársreikn.frv.: "Jafnskjótt og samvinnufélag er stofnað og því settar samþykktir skal kjósa því stjórn og endurskoðendur eða skoðunarmenn" Í öðrum greinum samvinnufélagslaganna eru skoðunarmenn taldir til þegar minnst er á endurskoðendur.

2) Lagt er til að bæta nýrri mgr. er verði 4. mgr. við 19. gr. og hljóði þannig: "Viku fyrir aðalfund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrslu stjórnar og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna lögð fram félagsaðilum til sýnis á skifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum félagsaðila sem þess óskar." Er þessi mgr. í samræmi við 4. mgr. laga um hlutafélag svo og 3. mgr. 3. gr. ársreikn.frv. hvað varðar vikufrestinn.

3) Lagt er til að breyta 1. mgr. 21. gr. er hljóði þannig: "Á aðalfundi félagsins skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna ásamt skýrslu stjórnar um hag félagsins", í stað "skýrslu skoðunarmanna (og endurskoðenda)"

4) Lagt er til að tilvísanir í 2. mgr. 77. gr. til lagagreina, sem lagt er til að felldar verði niður, verði breytt og vísað verði til væntanlegra laga um ársreikninga og hljóði þannig "Ákvæði 58. gr., 64., 67. og 68. gr. laga um ársreikninga gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á."

2. Frumvarp um einkahlutafélög:

Til samræmis við ársreikningsfrumvarpið (ársreikn.frv.) þarf að gera eftirfarandi breytingar við frumvarpið eins og það var lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994.

1) Lagt er til að 4. mgr. 2. gr. orðist þannig til samræmis við 7. tölul. 1. gr. ársreikn.frv.: "Móður- og dótturfélög eru í sameiningu félagasamstæða". (í stað "samstæða") Víða kemur fyrir í frv. orðin "félagsstjórn" og "félagssamþykktir" og "félagasamstæða" kemur fyrir í 85. gr. frv.

2) Lagt er til að 2. málsli. 4. tölul. 4. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Í fyrstu skýrslu stjórnar skal tilgreina raunverulegan kostnað við stofnunina" (í stað "Í fyrstu ársskýrslu")

Tilvísunin í lok málsliðarins "sbr. 4. tölul. 1. mgr." er sennilega ofaukið?

3) Í 6. gr. eru ákvæði að með stofnsamningi skuli fylgja yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns um tiltekin atriði í stofnsamningi eða þegar um er að ræða kaup á fyrirtæki í rekstri við stofnun félags. Spurning er hvort þetta ákvæði 6. gr. sé of strangt þegar um er að ræða félag sem ekki er eða verður skyldað til að kjósa sér endurskoðanda, þ.e. löggiltan sbr. aths. 5)?

Ef skilyrði um "löggilta endurskoðendur" á að vera vegna þeirra tiltekinna atriða sem fram koma í 6. gr. frv. er lagt til að fella niður orðið "löggilts" í 1. mgr. og "löggiltum" í 2. mgr. 6. gr. til samræmis við ársreikn.frv., sbr. aths. 5), enda í samræmi við framhald greinarinnar.

4) Lagt er til að lagfæra orðalag í 2. málsli. 2. mgr. 6. gr. þannig: "Reikninginn skal semja í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga..." (í stað "setja upp í samræmi við lagaákvæða um ársreikninga")

5) Lagt er til að 6. tölul. 7. gr. verði breytt þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...fjölda endurskoðanda eða skoðunarmanna og kjörtímabil þeirra." Í ársreikn.frv. er gerður greinarmunur á endurskoðanda, og er þá alltaf átt við löggiltan endurskoðanda, og skoðunarmanns sem uppfylla skal tiltekin hæfisskilyrði, reynslu og þekkingu. Félög sem falla undir væntanleg lög um ársreikninga eru í tilteknum tilvikum skylt til að hafa löggilta endurskoðendur en önnur og væntanlega meirihluti þeirra á val um að hafa löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn. Í ársreikn.frv. er alltaf talað um endurskoðanda sem mann sem hefur fengið löggildingu til endurskoðunarstarfa annars nefnist hann skoðunarmaður.

6) Lagt er til að 2. mgr. 8. gr. verði breytt þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Eftir að ákveðið hefur verið að stofna félagið skal kjósa stjórn þess og endurskoðendur eða skoðunarmenn"

7) Í c. lið 2. mgr. 23. gr. kemur fram að við hækkun hlutafjár skuli liggja fyrir yfirlýsing endurskoðanda um skýrslu stjórnar. Hér á við sama athugasemd og fram kemur í aths. 3) Er hér ekki um of strangt ákvæði þegar um er að ræða félag sem ekki er eða verður skyldað til að kjósa sér endurskoðanda?

8) Lagt er til að 4. mgr. 25. gr. hljóði þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Í næstu skýrslu stjórnar skal..." (í stað "Í nærstu ársskýrslu") sbr. orðalag í 23. gr. og 2. mgr. 26. gr. "skýrsla stjórnar"

9) Í 2. mgr. 26. gr. er vitnað til yfirlýsingar löggilts endurskoðanda eða lögmanns og á hér við sama athugasemd um skoðunarmann og gerð er í aths. 3) og 6).

10) Lagt er til að tilvísuninni í 1. mgr. 29. gr. til "4. mgr. 89. gr." frv. falli niður þar sem samsvarandi ákvæði verður í væntanlegum lögum um ársreikninga. og hljóði þannig: "...endurmatsreikning samkvæmt a. lið 3. mgr. 25. gr. laga um ársreikninga eða við..."

11) Lagt er til að 2. mgr. 43. gr. orðist þannig til samræmis við 7. tölul. 1. gr. ársreikn.frv.: "Stjórnarmenn og framkvæmdarstjórnar mega ekki stunda eða taka þátt í spákaupmennsku með hluti í félaginu eða félögum innan sömu félagasamstæðu" (í stað "samstæðu" sbr. aths 1))

12) Lagt er til að 1. másl. 3. mgr. 44. gr. orðist þannig: "Félagsstjórn ber ábyrgð á að ákvæðum laga um bókhald og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt og hefur eftirlit með meðferð fjármuna félagsins." til samræmis við 5. gr. bókh.frv. sem segir að stjórnendur félaga skuli sjá um og bera ábyrgð á að ákvæðum bókhaldslaganna og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt. í stað "Félagsstjórn skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins"

13) Lagt er til að 1. másl. 1. mgr. 45. gr orðist þannig til samræmis við 7. tölul. 1. gr. ársreikn.frv.: "Þegar félagasamstæða er mynduð..." (í stað "samstæða félaga"), og í 2. másl. komi "...fjárhagsstöðu félagasamstæðunnar..." (í stað "samstæðunnar")

14) Lagt er til að tímafrestur í 1. mgr. 59 gr. að halda skuli aðalfund "aldrei síðar en níu mánuðum frá lokum hvers reikningsárs." verði "aldrei síðar en átta mánuðum frá lokum reikningsárs." Þessi tímafrestur frv. sem er óbreyttur frá gildandi lögum er ekki í samræmi við 69. gr. ársreikn.frv. Þar er gert ráð fyrir því að "eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs," skuli senda félagaskrá ársreikning og félög, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skuli senda ársreikning "eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs." Það verður því að halda aðalfund innan þessara tímafresta en í ársreikn.frv. eru ekki aðrir tímafrestir varðandi ársreikninginn en varðar birtingu hans hjá félagaskrá. Þau félög sem gera ársreikning samkvæmt væntanlegum lögum um bókhald en ekki væntanlegum lögum um ársreikninga hafa sex mánaða frest til að ljúka gerð ársreiknings og undirrita hann. Tímafresturinn í lögum um samvinnufélög er sex mánuðir.

15) Lagt er til að breyta 2. másl. 1. mgr. 59. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna." Skv. 4. mgr. 63. gr. skal leggja fram ársreikning einni viku fyrir aðalfund hið skemmsta og er það í samræmi við 3. mgr. 3. gr. ársreikn.frv.

16) Lagt er til að niðurlag 1. másl. 2. mgr. 62. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...ef framkvæmdastjóri, endurskoðandi, skoðunarmaður eða hluthafi krefst þess."

17) Lagt er til að breyta 4. mgr. 63. gr. þannig: "...svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna."

18) Lagt er til að 2. málsl. 1. mgr. 66. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Upplýsingarskyldan á einnig við um samband félagsins við félög innan sömu félagasamstæðu". (í stað "samstæðu")

19) Lagt er til að 72 - 83. gr. í XI. kafla um endurskoðun og sérstakar rannsóknir verði felldar niður enda eru ákvæði þessarra greina í ársreikn.frv. En 84. gr. í sama kafla sem fjallar um sérstakar rannsóknir standi en með tilvísunarbreytingu í 2. mgr., sjá aths. 20). Í 2. málsl. 82. gr. er þó sérstætt ákvæði sem fellur niður og ekki á sér hliðstæðu í ársreikn.frv. en 1. málsl. er í ársreikn.frv.

20) Lagt er til að tilvísanir í 2. mgr. 84. gr. til lagagreina í frv., sem lagt er til að felldar verði niður, verði breytt og vísað verði til væntanlegra laga um ársreikninga og hljóði þannig "Ákvæði 58. gr., 64., 67. og 68. gr. laga um ársreikninga eiga einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á."

21) Lagt er til að 85 - 97. gr í XII. kafla um ársreikning og ársskýrslu stjórnar verði felldar niður enda eru ákvæði þessarra greina í ársreikn.frv.

22) Lagt er til að 2. mgr. 99. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...með tilliti til fjárhagsstöðu félagasamstæðunnar enda þótt..." (í stað "samstæðunnar")

23) Lagt er til að í 3. tölul. 1. mgr. 107. gr. falli niður orðin "þeirra einkahlutafélaga, sem skila skulu ársreikningum," þar sem almenn skilaskylda ársreikninga er í væntanlegum lögum um ársreikninga. Þá er einnig lagt til að tilvísunin "sbr. þó 3. málsl. 1. mgr. 97. gr." verði felld niður, enda er lagt til að 97. gr. falli niður þar sem viðkomandi ákvæði eru í ársreikn.frv. og í stað þess komi tilvísunin: "sbr. 69. gr. laga um ársreikninga".

3. tölul. hljóði þá þannig: "Þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár, sbr. 69. gr. laga um ársreikninga".

24) Lagt er til að 1. mgr. 108 gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...félagið er án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns eða..."

25) Í 110 gr. er gerð krafa um það þegar hluthafar æskja þess að skipti við slit fari ekki fram að hætti 3. mgr. 107. gr. að með efnahags- og rekstrarreikningi sem félagsstjórn skuli láta gera fylgi álitgerð löggilts endurskoðanda um hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess. Með hliðsjón af því að meirihluta félaga verður ekki skyldað til að hafa löggiltan endurskoðanda vegna fyrri reikningsskila er þetta ákvæði ekki of strangt, sbr. aths 3) og 6)? Ef skilyrði um "löggilta endurskoðendur" á að vera vegna tiltekinnna atriða sem fram koma í lögnum og frv. ætti að fella niður orðið "löggiltur" til samræmis við ársreikn.frv.

26) Lagt er til að 8. tölul. 120. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og skoðunarmenn..."

- 27) Lagt er til að 2. másl. 2. mgr. 121. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Ákvæði laga um ársreikninga" (í stað "lagaákvæði um ársreikninga")
- 28) Lagt er til að 1. mgr. 122 gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Í hverju samrunafélaganna um sig skal endurskoðandi eða skoðunarmaður gera skýrslu um samrunaáætlunina. Félögin geta haft einn eða fleiri sameiginlega endurskoðendur eða skoðunarmenn."
- 29) Lagt er til að 3. mgr. 122. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Endurskoðandi eða skoðunarmaður skal..."
- 30) Lagt er til að 1. mgr. 123. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...yfirlýsingu endurskoðanda eða skoðunarmanns samkvæmt..."
- 31) Lagt er til að 2. másl. 2. mgr. 123. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Ef endurskoðandi eða skoðunarmaður telur..."
- 32) Lagt er til að 4. mgr. 124. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...yfirlýsingu endurskoðanda eða skoðunarmanns samkvæmt..."
- 33) Lagt er til að 5. tölul. 5. mgr. 124. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "skýrsla endurskoðanda eða skoðunarmanns og yfirlýsingu samkvæmt 122. gr"
- 34) Lagt er til að 1. mgr. 126. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Ef endurskoðandi eða skoðunarmaður telur..."
- 35) Lagt er til að 5. mgr. 127. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...og kjör félagsstjórnar og endurskoðanda eða skoðunarmanns fer ekki fram strax eftir að hluthafafundur hefur samþykkt samrunann skal halda hluthafafund í nýja félaginu innan tveggja vikna til þess að kjósa félagsstjórn og endurskoðendur eða skoðunarmenn"
- 36) Lagt er til að 3. mgr. 129. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Einn eða fleiri endurskoðendur eða skoðunarmenn, sbr...."
- 37) Lagt er til að 1. mgr. 133. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og skoðunarmenn einkahlutafélags,..."
- 38) Lagt er til að c) liður 1. mgr. 135. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "c) gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum innan..."
- 39) Lagt er til að 2. másl. 2. mgr. 141. gr. falli niður en hann hljóðar þannig "Skráin getur veitt undanþágu frá þessu." Öll ákvæði um skil og birtingu ársreiknings er að finna í ársreikn.frv.

40) Lagt er til að fella niður tilvísun í 3. másl. 2. mgr. 146. gr. til ákvæða 97. gr. frv. og vísa í staðin til laga um ársreikninga og hljóði þannig: "Um skil á ársreikningum og aðgang að þeim gilda ákvæði laga um ársreikninga"

41) Lagt er til að 3. tölul. 1. mgr. 147. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...svo og endurskoðendur eða skoðunarmenn."

42) Lagt er til að tilvísun til 73. gr. í 3. tölul. 3. mgr. 147. gr. falli niður og málsgreinin orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...og endurskoðendur eða skoðunarmenn þau skilyrði er getur í 58. gr. laga um ársreikninga ásamt..."

43) Í 2. másl. 4. mgr. 147. gr. kemur fram að við stofnun einkahlutafélags geti hlutafélagaskrá krafist yfirlýsingar lögmanns eða löggilts endurskoðanda hvort upplýsingar um greiðslu hlutafjár séu réttar. Hér á við sama athugasemd og fram kemur í aths. 3) og 6). Er hér ekki um of strangt ákvæði þegar um er að ræða félag sem ekki er eða verður skyldað til að kjósa sér endurskoðanda?

44) Lagt er til að 2. mgr. 148. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...framkvæmdastjóra, endurskoðenda, skoðunarmanna og ..."

45) Lagt er til að 151. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...framkvæmdastjóri, endurskoðendur, skoðunarmenn, skilaneftarmenn..."

3. Frumvarp um breytingu á lögum um hlutafélög:

Til samræmis við ársreikningsfrumvarpið (ársreikn.frv.) þarf að gera eftirfarandi breytingar við frumvarpið eins og það var lagt fyrir Alþingi á 118 löggjafarþingi 1994 og á lögnum.

1) Lagt er til að c. liður 2. gr. frv. sbr. á 4. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig til samræmis við 7. tölul. 1. gr. ársreikn.frv.: "Móður- og dótturfélög eru í sameiningu félagasamstæða". (í stað "samstæða") Víða kemur fyrir í frv. orðin "félagsstjórn" og "félagssamþykktir" og "félagasamstæða" kemur fyrir í 93. gr. laganna.

2) Lagt er til að 2. másl. 5. tölul. 4. gr. frv., sbr. 4. gr. laganna orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Í fyrstu skýrslu stjórnar skal tilgreina raunverulegan kostnað við stofnunina" (í stað "Í fyrstu ársskýrslu")

Tilvísunin í lok málsliðarins "sbr. 5. tölul. 1. mgr." er sennilega ofaukið?

3) Lagt er til að lagfæra orðalag í 3. másl. 2. mgr. 4. tl. 6. gr. frv., sbr. 5. gr. a í lögnum, þannig: "...og skulu þeir gerðir í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga..." (í stað "lagaákvæða um ársreikninga"), sbr. orðalag í 27. gr. laganna.

4) Lagt er til að 6. tölul. 6. gr. lagna orðist þannig: (ekki frv. gr.) "...svo og endurskoðanda eða skoðunarmanna. Þá skal þar ákveða kjörtímabil stjórnarmanna, endurskoðanda eða skoðunarmanna." Í ársreikn.frv. er gerður greinarmunur á endurskoðanda, og er þá alltaf átt við löggiltan endurskoðanda, og skoðunarmanns sem uppfylla skal tiltekin hæfisskilyrði, reynslu og þekkingu. Félög sem falla undir væntanleg lög um ársreikninga eru í tilteknum tilvikum skylt til að hafa löggilta endurskoðendur en önnur og væntanlega meirihluti þeirra á val um að hafa löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn. Í ársreikn.frv. er alltaf talað um endurskoðanda sem mann sem hefur fengið löggildinguna til endurskoðunarstarfa annars nefnist hann skoðunarmaður.

5) Lagt er til að d. liður 28. gr. frv. sbr. 4. mgr. 4.tl. 1. mgr. 30. gr. laganna hljóði þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Í næstu skýrslu stjórnar skal..." (í stað "Í nærstu ársskýrslu").

6) Lagt er til að tilvísuninni í 1. mgr. 37. gr. laganna til "4. mgr. 97. gr." falli niður þar sem samsvarandi ákvæði verður í væntanlegum lögum um ársreikninga. og hljóði þannig: "...endurmatsreikning samkvæmt a. lið 3. mgr. 25. gr. laga um ársreikninga eða við..."

7) Lagt er til að b. liður 55. gr. frv. sbr. 2. mgr. 51. gr. laganna orðist þannig til samræmis við 7. tölul. 1. gr. ársreikn.frv.: "Stjórnarmenn og framkvæmdarstjórar mega ekki stunda eða taka þátt í spákaupmennsku með hluti í félaginu eða félögum innan sömu félagasamstæðu" (í stað "samstæðu" sbr. aths 1))

8) Lagt er til að b. liður 56. gr. frv., sbr. 1 og 2. másl. 3. mgr. 52. gr. laganna orðist þannig: "Félagsstjórn ber ábyrgð á að ákvæðum laga um bókhald og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt og hefur eftirlit með meðferð fjármuna félagsins. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna sé með tryggum hætti". Er 1. másl. í samræmi við 5. gr. bókhaldsfrv. sem segir að stjórnendur félaga skuli sjá um og bera ábyrgð á að ákvæðum bókhaldslaganna og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt.

9) Lagt er til að 1. másl. 1. mgr. 53. gr. laganna orðist þannig til samræmis við 7. tölul. 1. gr. ársreikn.frv.: "Þegar félagasamstæða er mynduð..." (í stað "samstæða félaga"), og í 2. másl. komi "...fjárhagsstöðu félagasamstæðunnar..." (í stað "samstæðunnar")

10) Lagt er til að tímafrestur í 1. mgr. 67 gr. laganna að halda skuli aðalfund "aldrei síðar en níu mánuðum frá lokum hvers reikningsárs." verði "aldrei síðar en átta mánuðum frá lokum reikningsárs." Þessi tímafrestur frv. sem er óbreyttur frá gildandi lögum er ekki í samræmi við 69. gr. ársreikn.frv. Þar er gert ráð fyrir því að "eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs," skuli senda félagaskrá ársreikning og félög, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skuli senda ársreikning "eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs." Það verður því að halda aðalfund innan þessara tímafresta en í ársreikn.frv. eru ekki aðrir tímafrestir varðandi ársreikninginn en varðar birtingu hans hjá félagaskrá. Þau félög sem gera ársreikning samkvæmt væntanlegum lögum um bókhald en ekki væntanlegum lögum

um ársreikninga hafa sex mánaða frest til að ljúka gerð ársreiknings og undirrita hann. Tímafresturinn í lögum um samvinnufélög er sex mánuðir.

11) Lagt er til að 2. másl. 1. mgr. 67. gr. laganna orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna." Skv. 4. mgr. 71. gr. laganna skal leggja fram ársreikning einni viku fyrir aðalfund hið skemmsta og er það í samræmi við 3. mgr. 3. gr. ársreikn.frv.

12) Lagt er til að niðurlag 1. másl. 2. mgr. 70. gr. laganna, sbr. a. lið 64. gr. frv. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...ef framkvæmdastjóri, endurskoðandi, skoðunarmaður eða hluthafi krefst þess."

13) Lagt er til að b. liður 65. gr. frv., sbr. 4. mgr. 71. gr. laganna orðist þannig: "...ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrslu stjórnar og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna." (í stað ársskýrslu stjórnar)

14) Lagt er til að 2. másl. 1. mgr. 74. gr. laganna orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Upplýsingarskyldan á einnig við um samband félagsins við félög innan sömu félagasamstæðu". (í stað "samstæðu")

15) Lagt er til að 80 - 91. gr. í XI. kafla laganna um endurskoðun og sérstakar rannsóknir, sbr. 69. -72. gr. frv. verði felldar niður enda eru ákvæði þessara greina í ársreikn.frv. En 92. gr. í sama kafla sem fjallar um sérstakar rannsóknir standi en með tilvísunarbreytingu í 2. mgr., sjá aths. 16)

16) Lagt er til að tilvísanir í 2. mgr. 92. gr. laganna til lagagreina sem lagt er til að felldar verði niður, verði breytt og vísað verði til væntanlegra laga um ársreikninga og hljóði þannig "Ákvæði 58. gr., 64., 67. og 68. gr. laga um ársreikninga gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á."

17) Lagt er til að 93. -105. gr. í XII. kafla laganna um ársreikning og ársskýrslu stjórnar, sbr. 74. - 79. gr. frv. verði felldar niður enda eru ákvæði þessara greina í ársreikn.frv.

18) Lagt er til að 2. mgr. 107. gr. laganna orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...með tilliti til fjárhagsstöðu félagasamstæðunnar enda þótt..." (í stað "samstæðunnar")

19) Lagt er til að í stað tilvísunar í c. lið 85. gr. frv. sbr., 4. tölul. 1. mgr. 115. gr. laganna "sbr. þó 4. másl. 1. mgr. 105. gr." komi "sbr. 69. gr. laga um ársreikninga" þar sem lagt er til að 105. gr. falli niður sbr. aths. 18)

4. tölul. hljóði þá þannig: "Þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár, sbr. 69. gr. laga um ársreikninga".

20) Lagt er til að 1. mgr. 86. gr. frv. sbr. 1. mgr. 115 gr. a.laganna orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...félagið er án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns eða..."

21) Í 117 gr. laganna er gerð krafa um það þegar hluthafar æskja þess að skipti við slit fari ekki fram að hætti 3. mgr. 115. gr. að með efnahags- og rekstrarreikningi sem félagsstjórn skuli láta gera fylgi álitgerð löggilts endurskoðanda um hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess. Með hliðsjón af því að meirihluta félaga verður ekki skyldað til að hafa löggiltan endurskoðanda vegna fyrri reikningsskila er þetta ákvæði ekki of strangt, sbr. og fleiri dæmi í lögnum þar sem sérstaklega er rætt um álit löggilts endurskoðanda? Ef skilyrði um "löggilta endurskoðendur" á að vera vegna tiltekinna atriða sem fram koma í lögnum og frv. ætti að fella niður orðið "löggiltur" til samræmis við ársreikn.frv.

22) Lagt er til að 2. másl. 2. mgr. 96. gr. frv., sbr. 2. másl. 2. mgr. 126. gr. b í lögnum orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Ákvæði laga um ársreikninga" (í stað "lagaákvæði um ársreikninga")

23) Lagt er til að 5. mgr. 102. gr. frv. sbr. 5. mgr. 126. gr. h í lögnum, orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv.: "Ef myndað er nýtt félag við samruna, en það skal skrá sérstaklega, og félagsstjórn og endurskoðendur eða skoðunarmenn eru ekki kosnir strax eftir að hluthafafundur hefur samþykkt samrunann skal halda hluthafafund í nýja félaginu innan tveggja vikna til þess að kjósa félagsstjórn og endurskoðendur eða skoðunarmenn"

24) Lagt er til að 1. mgr. 112. gr. frv., sbr 1. mgr. 112. gr. laganna orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, og endurskoðendur og skoðunarmenn hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, eru..."

25) Lagt er til að c) liður 1. mgr. 134. gr. orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "c) gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum innan..."

26) Lagt er til að b. liður 125. gr. frv., sbr. 2. mgr. 145. gr. laganna, orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglunum. Um skil á ársreikningum og aðgang að þeim gilda ákvæði laga um ársreikninga."

27) Lagt er til að a. liður 126. gr. frv.,sbr. 2. másl. 3. tölul. 1. mgr. 146. gr. laganna, orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...og heimilisföng endurskoðenda og skoðunarmanna."

28) Lagt er til að tilvísun í 3. tölul. 3. mgr. 146. gr. laganna "í 81. gr." falli niður og málsgreinin orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...og endurskoðendur eða skoðunarmenn þau skilyrði er getur í 58. gr. laga um ársreikninga ásamt..."

29) Lagt er til að b. liður 127. gr. frv., sbr 2. mgr. 147. gr. laganna, orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "... heimilisföng stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda eða skoðunarmanna og prókúruhafa,..."

30) Lagt er til að 130. gr. frv., sbr. 150. gr. laganna, orðist þannig til samræmis við ársreikn.frv. "...stjórnendur, framkvæmdastjóri, endurskoðendur eða skoðunarmenn, skilaneftarmenn..."


Reykjavík, 10. nóv. 1994.

Alþingi Íslendinga.
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri við Templarasund.
Reykjavík.

Í framhaldi af tilmælum formanns Efnahags- og viðskiptanefndar til mín á fundi nefndarinnar í morgunn sendi ég nefndinni athugun þá sem ég hef gert á tveimur frumvörpum sem nefndin hefur til umfjöllunar, þ.e. frumvarp til laga um einkahlutafélög og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum. Athugun mín snérist eingöngu um að kanna hvaða breytingar væru nauðsynlegar á frumvörpum þessum þannig að þau væru í takt við frumvörp til laga um bókhald og frumvarp til laga um ársreikninga, sem einnig eru til umfjöllunar hjá nefndinni. Í frumvarpi til laga um ársreikninga eru dregin saman á einn stað öll almenn ákvæði um ársreikninga sem einnig er að finna a.m.k. að hluta til í hlutafélagalögum og samvinnufélagalögum. Lagt er til í frumvarpi að lögum um ársreikninga að samsvarandi ákvæði samvinnufélagalaganna verði felld niður og gert ráð fyrir að í meðförum Alþingis á fyrr nefndum frumvörpum um einkahlutafélög og hlutafélög verði sömu ákvæði felld niður. Þrátt fyrir þá niðurfellingu virðist mér nauðsynlegt að breyta orðalagi ýmissa greina frumvarpanna til að samræmi verði milli þeirra og fyrr nefndra frumvarpa um bókhald og ársreikninga.

Athugun mín náði einnig til nokkurra ákvæða í lögum nr. 22/1991 um samvinnufélög sem æskilegt væri að breyta.

Virðingarfyllst,



Guðm. Guðbjarnason,
form. nefndar um endurskoðun bókhaldslaga.